

BORGARRÁÐ 3. desember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um birtingu fjárhagsáætlunar í Kauphöll - R20120012

Hingað til hefur efni fjárhagsáætlunar ekki verið gert opinbert fyrr en við kynningu borgarstjóra á borgarstjórnarfundum klukkan 14:00 þegar fjárhagsáætlanir og efni þeirra er kynnt. Borgarfulltrúar sem hafa fengið gögnin afhent fyrir þann tíma hafa fengið fyrirmæli um að samkvæmt reglum Kauphallar Íslands sé nauðsynlegt að fulls trúnaðar sé gætt á efni fjárhagsáætlunar 2021 og fimm ára áætlunar 2021-2025 og tillögum um tekjur og lántökur ásamt greinargerðum sem fylgja. Helst þessi trúnaður þar til borgarstjóri hefur með formlegum hætti gert fjárhagsáætlanir og fylgigögn opinber. Nú voru breytingar gerðar á birtingu gagna í Kauphöll og var það birt einni klukkustund áður en fundur borgarstjórnar hófst. Þá var trúnaði aflétt. Á sama tíma hafði meirihlutinn boðað til fréttamannafundar um efni fjárhagsáætlunar. Fulltrúi sósíalista lagði til þann 19. nóvember að efni fjárhagsáætlana yrði birt í Kauphöll fyrr en það svo að þeir fulltrúar sem eru einungis með einn fulltrúa í borgarstjórn gætu deilt efninu með varaborgarfulltrúum og svo að Reykvíkingar allir geti með virkari og gegnsærri hætti komið að vinnslu áætlunarinnar. Sú tillaga hefur ekki hlotið afgreiðslu. Voru gögnin send Kauphöll fyrr þetta árið en venja er svo að meirihlutinn gæti haldið fréttamannafund um efni fjárhagsáætlana? Eða lá önnur ástæða að baki þess?